

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um skipulagsbreytingar

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að taka saman yfirlit um helstu tækifæri til skipulagsbreytinga á sviðinu sem stuðlað geta að betri nýtingu mannauðs og fjármagns með gæði þjónustu að leiðarljósi. Nýttar verði þær tillögur og ábendingar sem komið hafa fram í greiningum sviðsins á undanförunum árum og tryggt að leitað verði sjónarmiða stjórnenda á vettvangi. Mótaðar verði tillögur um hvaða viðmið skuli liggja til grundvallar þegar skipulagsbreytingar á einstökum starfsstöðum skóla- og frístundasviðs eru teknar til skoðunar. Tillögur verði lagðar fram fyrir 1. nóvember 2018.

Greinargerð

Á undanförunum árum hafa verið starfandi hópar sem hafa greint starfsumhverfi í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík með tilliti til skilvirkni og hagræðingar í þjónustu. Má þar nefna starfshóp skóla- og frístundaráðs um fjárhag sviðsins, starfshóp borgarstjóra um fjárhagslega rýningu á skóla- og frístundasviði, svokallaða djúpgreiningarvinnu skóla- og frístundasviðs sem var liður í hagræðingarverkefni á vegum borgarstjóra og starfshóp um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðahverfi í Grafarvogi. Fyrirliggjandi eru ýmsar greiningar og upplýsingar sem nýtast við gerð viðmiða þegar meta skal hugmyndir um skipulagsbreytingar. Tillagan snýr að því að búa til slík viðmið og að taka saman yfirlit um helstu tækifæri til skipulagsbreytinga á skóla- og frístundasviði sem stuðlað geta að betri nýtingu mannauðs og fjármagns með gæði þjónustu að leiðarljósi.